



Fundargerð

17. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 9. mars 2023 kl. 14:30

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu. Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

* * *

1. Innkaup, verðkannanir, útboð, samningar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum í morgun að gerður verði rammasamningur um kaup á þjónustu iðnmeistara og kaup á byggingavörum. Consensa hefur verið falið að útbúa rammasamning um útboð.

2. Garðasel

Bæjarráð vísaði þarfagreiningu vegna Garðasels til byggingarnefndar til frekari skoðunar.

3. Myllubakkaskóli

Farið yfir tillögu hönnuða um utanhússklæðningar. Byggingarnefnd samþykkir að halda áfram með hönnun miðað við framlagðar hugmyndir. Boðað verður fljótlega til fundar um utanhússklæðningar með hönnuðum.

Sagað var úr gólfplötu í kjallara D-álmum og er töluverður raki undir gólfinu. Saga þarf gólfið upp, rakaverja og steypa nýja plötu.

4. Njarðvíkurskóli / Björkin

Stjórnendur Njarðvíkurskóla óska eftir að gerð verði markviss úttekt og ástandsskoðun á byggingum skólans sem notuð verði til að forgangsraða viðhaldi og uppbyggingu. Tekinn hefur verið fjöldi sýna á undanförunum árum og hefur verið brugðist við þar sem skemmdir hafa fundist og unnar endurbætur en viðhaldspörf og vandamál eru enn til staðar.

Byggingarnefnd samþykkir að farið verði í ástandsskoðun á öllu húsnæði sveitarfélagsins sem hefjist í sumar. Þessi ástandsskoðun verði grundvöllur viðhalds sem farið verður í. Byrjað verður á verkefninu í Njarðvíkurskóla.

Byggingarnefnd samþykkir að farið verði í áframhaldandi framkvæmdir á húsnæði Bjarkarinnar.

5. Afreksbraut 10

Farið yfir niðurstöður úttektar á húsnæðinu. Farið hefur verið í viðgerðir á skemmdum í votrými sem er ekki að fullu lokið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar miðvikudaginn 15. mars kl. 14:30.